

Alþingi
Erindi nr. P 127/254
komudagur 27.11.2001



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Í framhaldi af samtölum sem áttu sér stað mánudaginn 26. nóv. s.l. milli undirritaðs og Hjálmars Jónssonar, formanns iðnaðarnefndar vil ég taka eftirfarandi fram varðandi mál nr. 137, frumvarp til breytinga á iðnaðarlögum.

Samiðn telur vel koma til greina að iðnráð verði lögð niður og þau verkefni sem iðnráðin hafa með að gera verði fundin annar farvegur. Miðað við þær tillögur sem uppi eru um breytingar á 12. gr. iðnaðarlaga viljum við benda á að ekkert er tekið fram að lögreglustjóri eigi að leita umsagnar einhverra utan embættisins við útgáfu meistarabréfa. Það er því mikilvægt að kveðið verði á um með hvaða hætti eigi að halda á þessum málum, þar til þeim hefur verið fundin annar farvegur.

Einnig er mikilvægt að sá skilningur sé ljós við afgreiðslu frumvarpsins að gert sé ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins þ.e. samtök launafólks og atvinnurekenda verði kallaðir til við mótum tillagna um með hvaða hætti verði á haldið varðandi þau verkefni sem fallið hafa undir verksvið iðnráða.

Samiðn vill benda á að fræðslustofnanir atvinnulífsins hafa í auknu mæli verið að taka yfir umsjón með sveinsprófum og í sumum tilfellum allt utan útgáfu sveinsprófanna. Í frumvarpi til breytinga á 12. gr. iðnaðarlaga er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra geti falið öðrum að gefa út sveinsbréf. Það er skoðun Samiðnar að eðlilegt sé að fræðslustofnunum atvinnulífsins verði falin útgáfa sveinsbréfa. Við teljum mikilvægt að sá skilningur komi fram t.d. í greinargerð með frumvarpinu.

Virðingarfyllst f.h. Samiðnar

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri